

27. Gildistaka.

- 27.1. Samþykktir þessar gilda frá 1. júní 1998 og koma í stað samþykktta þeirra sem gilt hafa frá 23. janúar 1998.

Með vísan til laga nr. 55/1980 staðfestast samþykktir þessar hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 29. maí 1998.

F. h. r.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Margrét Gunnlaugsdóttir.

29. júní 1998

Nr. 395

REGLUGERÐ

um dómþinghár og þingstaði.

1. gr.

Landinu er skipt í eftirfarandi dómþinghár og eru þingstaðir sem hér segir:

1. *Umdæmi héraðsdóms Reykjavíkur er ein dómþinghá.*
Þingstaður: Skrifstofa héraðsdóms Reykjavíkur.
2. *Umdæmi héraðsdóms Vesturlands skiptist í eftirfarandi dómþinghár:*
 - a. Umdæmi sýslumannanna á Akranesi, í Borgarnesi og í Búðardal.
Þingstaður: Skrifstofa héraðsdóms Vesturlands.
 - b. Umdæmi sýslumannsins í Stykkishólmi.
Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns.
3. *Umdæmi héraðsdóms Vestfjarða skiptist í eftirfarandi dómþinghár:*
 - a. Umdæmi sýslumannsins í Bolungarvík, á Hólmavík og á Ísafirði.
Þingstaður: Skrifstofa héraðsdóms Vestfjarða.
 - b. Umdæmi sýslumannsins á Patreksfirði.
Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns.
4. *Umdæmi héraðsdóms Norðurlands vestra skiptast í eftirfarandi dómþinghár:*
 - a. Umdæmi sýslumannanna á Sauðárkróki og á Siglufirði.
Þingstaður: Skrifstofa héraðsdóms Norðurlands vestra.
 - b. Umdæmi sýslumannsins á Blönduósi.
Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns.
5. *Umdæmi héraðsdóms Norðurlands eystra skiptist í eftirfarandi dómþinghár:*
 - a. Umdæmi sýslumannanna á Akureyri og Ólafsfirði.
Þingstaður: Skrifstofa héraðsdóms Norðurlands eystra.
 - b. Umdæmi sýslumannsins á Húsavík.
Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns.
6. *Umdæmi héraðsdóms Austurlands skiptist í eftirfarandi dómþinghár:*
 - a. Umdæmi sýslumannanna á Eskifirði, í Neskaupstað og á Seyðisfirði.
Þingstaður: Skrifstofa héraðsdóms Austurlands.
 - b. Umdæmi sýslumannsins á Höfn.
Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns.

7. *Umdæmi héraðsdóms Suðurlands skiptist í eftirfarandi dómþinghár:*
 - a. Umdæmi sýslumannanna á Hvolsvelli, á Selfossi og í Vík.
Þingstaður: Skrifstofa héraðsdóms Suðurlands.
 - b. Umdæmi sýslumannsins í Vestmannaeyjum.
Þingstaður: Skrifstofa sýslumanns.
8. *Umdæmi héraðsdóms Reykjaness skiptist í eftirfarandi dómþinghár:*
 - a. Umdæmi sýslumannanna í Hafnarfirði og í Kópavogi.
Þingstaður: Skrifstofa héraðsdóms Reykjaness.
 - b. Umdæmi Sýslumannanna í Keflavík og á Keflavíkurflugvelli.
Þingstaður: Skrifstofa sýslumannsins í Keflavík.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er héraðsdómara rétt að halda dómþing utan reglulegra þingstaða ef það þykir heppilegt til að upplýsa mál eða ef það horfir til hagræðis eða flýtis í máli.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 21. gr. laga um dómstóla nr. 15 25. mars 1998, öðlast gildi 1. júlí 1998.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. júní 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Samhug í verki.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Samhugur í verki, styrktarsjóður fyrir fórnarlömb náttúruhamfara. Heimili hans er í Reykjavík. Sjóðurinn er stofnaður af þeim aðilum, sem stóðu að fjársöfnun undir heitinu Samhugur í verki, í kjölfar snjóflóðsins á Flateyri í október 1995.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki og bætur vegna tjóns og röskunar af völdum náttúruhamfara, svo sem vegna snjóflóða, stórfelldra skriðufalla og jarðskjálfta, enda fáist tjónið ekki bætt með öðrum hætti. Óheimilt er, að sjóðurinn standi fyrir fjársöfnun, heldur veitir hann styrki og bætur af eigin fé sínu og fé sem aðrir aðilar fela honum til úthlutunar.

Sækja skal skriflega um framlög úr sjóðnum eftir þeim reglum, sem sjóðstjórnin setur. Með allar upplýsingar um hagi umsækjenda og framlög úr sjóðnum skal fara sem trúnaðarmál.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 45.000.000 -fjörutíu og fimm milljónir króna-, sem eru úr styrktarsjóði fyrir fórnarlömb náttúruhamfara, er safnaðist eftir snjóflóðið á Flateyri í október 1995. Verði hærri fjárhæð eftir í sjóðnum, þegar sjóðstjórn Samhugar í verki, sem annast úthlutun til fórnarlamba snjóflóðsins á Flateyri, hefur lokið störfum sínum, skal sú fjárhæð, sem umfram kann að verða, einnig renna í sjóðinn. Bundið stofnfé sjóðsins er kr. 1.000.000 -ein milljón króna-.